



Veruleg aukning í kortaveltu annan mánuðinn í röð

Neysla Íslendinga jókst verulega milli ára í apríl, eða um 21% innanlands, og 59% erlendis. Samanlagt jókst kortavelta um 25% milli ára miðað við fast verðlag og gengi. Mælingin kemur ekki á óvart þar sem í apríl í fyrra stóð fyrsta bylgja faraldursins sem hæst og er því verið að miða 12 mánaða hækkun við afar neyslulítinn mánuð.


Seðlabanki Íslands birti fyrir helgi gögn um veltu innlendra greiðslukorta í apríl.¹ Alls nam velta tengd verslun og þjónustu innanlands 68 mö.kr. og jókst um 21% milli ára miðað við fast verðlag. Kortavelta Íslendinga erlendis nam alls 9 mö.kr. og jókst um 59% milli ára miðað við fast gengi. Samanlagt jókst kortavelta um 25% milli ára í apríl miðað við fast gengi og fast verðlag sem er svipuð breyting og mældist milli ára í mars þegar velta jókst um 20%.

Samdráttur miðað við apríl 2019

Líkt og í mars mátti búast við því að viðsnúningur á 12 mánaða þróun myndi mælast nokkur þar sem nú er verið að bera saman tímabil þar sem takmarkanir á neyslu fólks vegna Covid-faraldursins voru við lýði bæði fyrir og eftir. Ef við berum tölur aprílmánaðar í ár saman við aprílmánuð 2019, þegar engin áhrif voru af Covid-faraldrinum, birtist önnur mynd. Þá sést að kortavelta innanlands eykst um 5% miðað við fast verðlag en dregst saman um 48% erlendis miðað við fast gengi. Í heild mælist samdráttur upp á 6% sé kortavelta aprílmánaðar í ár borin saman við kortaveltu aprílmánaðar 2019.


Það er því ekki hægt að draga þá ályktun að neysla sé að aukast miðað við eðlilegt árferði, þó hún sé vissulega meiri en fyrir ári síðan. Neyslan er þó líkt og frá upphafi Covid faraldursins í auknum mæli innlend. Einungis um 12% af greiðslukortaveltunni í apríl fór fram erlendis en til samanburðar var hlutfallið 22% í apríl 2019.

Greiðslukortavelta



Mánaðarleg gögn. Greiðslukortavelta í verslun hérlendis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Greiðslukortavelta og framlag innanlands og erlendis



Greiðslukortavelta í verslun hérlendis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

¹ Í þessari greiningu er litið til allrar greiðslukortaveltu í verslun og þjónustu innanlands (önnur viðskipti en í banka) og erlendis er litið til allrar kortanotkunar.



Ferðahugur í Íslendingum


Fjölmarginir Íslendingar fengu a.m.k. fyrri skammt bóluefnis gegn veirunni í apríl og virðist það hafa haft nokkur áhrif á ferðavilja fólks. Kaup Íslendinga á ferðaþjónustu og skipulögðum ferðum jukust um 563% sé miðað við aprílmánuð í fyrra sem verður að teljast verulegur munur. Veltan mælist þó 76% minni en í aprílmánuði 2019 og því ekki hægt að fullyrða að kaup á ferðalögum sé komin á þann stað að geta talist eðlileg, enda enn þá miklar skorður á ferðafrelsi fólks milli landa.

Kortavelta Íslendinga á gististöðum jókst einnig mikið milli ára í apríl eða um 520% miðað við fast verðlag. Í apríl í fyrra stóð fyrsta bylgja faraldursins sem hæst og fólk hélt sig að miklu leyti heima. Kaup Íslendinga á gistipjónustu í apríl í ár var svipuð því sem hefur sést á síðustu mánuðum eða frá því að þriðja bylgja faraldursins leið undir lok.

Í apríl mældist í fyrsta sinn frá upphafi faraldursins samdráttur milli ára í kaupum á áfengi um alls 7% milli ára. Það kemur þó ekki á óvart þar sem veltan hafði aukist um ríflega helming milli ára í apríl í fyrra. Sé miðað við aprílmánuð 2019 mælist aukningin 42% milli ára.

Það má gera ráð fyrir því að á næstu mánuðum verði hlutfallslega hraðari vöxtur í neyslu á þjónustu en vörum. Aflétting sóttvarnar- og samkomutakmarkana, ásamt jákvæðri framvindu bólusetninga er til þess fallin að auka verulega áhuga og möguleika fólks á að neyta slíkrar þjónustu eftir langa bið.

Greiðslukortavelta eftir útgjaldaliðum í apríl



Velta raunvirt með viðeigandi undirlíð VNV. Heimild: Rannsóknarsetur verslunarinnar, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.